

í bæjarsjóð, og getur takmarkað leyfi við ákveðinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði er þurfa þykir.

## 22. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt samkvæmt lögreglusamþykktinni eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

## 23. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varðar sektum. Sama á við um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

## 24. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjanesbæ frá 29. september 1995.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. apríl 2002.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Jón Þór Ólason.*

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu í sveitarfélaginu Árborg.

## I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 1. gr.

Sveitarfélagið Árborg, annast sorphirðu í sveitarfélaginu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

## 2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts og brotamálma.

## 3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphlát sem bæjarstjórn ákveður. Sorpgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi, brotamálmum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi, skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi má ekki blanda við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið skal, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hverskonar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úr úrgangi með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

## 4. gr.

Bæjarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

## 5. gr.

Öll förgun úrgangs er starfsleyfisskyld í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þannig er óheimilt að brenna úrgangi eða urða nema á stöðum með tilskilin starfsleyfi.

## II. KAFLI

**Sorphirðugjöld.**

## 6. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

## 7. gr.

Bæjarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni, eftir umfangi þjónustu og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

## 9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið á fundi heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 26. febrúar 2002, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld frá sama tíma samþykkt nr. 157/1983 um sorphreinsun á Selfossi.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. maí 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.**

## 1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á viðauka 3.

Hámarksgildi þungmálma og annarra aðskotaefna í neysluvörum. Hámarksgildi fyrir díoxín skal vera pg/g.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af II. viðauka, XII. kafla EES samningsins (tilskipun 91/321/EEC og 96/4/EB).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 30. apríl 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## REGLUR

**um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun  
við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.**

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 18.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum: